

LÍF OG FJÖR

Leikfélag Akureyrar



Söngvaseiður
The Sound of Music
eftir Richard Rodgers og Oscar Hammerstein II,

sýn. föst. 17. apríl kl. 20.30

UPPSELT

sýn. laug. 18. apríl kl. 20.30

örfá sæti laus

sýn. sunn. 19. apríl kl. 16.00

UPPSELT

sýn. fimmt. 23. apríl kl. 20.30

laus sæti

sýn. föst. 24. apríl kl. 20.30

UPPSELT

sýn. laug. 25. apríl kl. 20.30

UPPSELT

sýn. sunn. 26. apríl kl. 16.00

sýn. föst. 1. maí kl. 20.30

sýn. föst. 2. maí kl. 20.30

sýn. föst. 3. maí kl. 16.00

Markúsar-
guðspjall

Einleikur Aðalsteins Bergdal.
á Renniværstæðinu.

Lýsing: Ingvar Björnsson.
Leikmynd: Manfred Lemke.
Leikstjórn: Trausti Ólafsson.

sýn. fimmt. 16. apríl kl. 20.30
örfá sæti laus

sýn. sunnud. 19. apríl kl. 20.30
laus sæti

Gjafakort á Markúsarguðspjall
tilvalin fermingargjöf

Landsbanki Íslands veitir
handhöfum gull-debetkorta
25% afslátt.

Míðasalan er opin þriðjud.-fimmtud.
kl. 13-17, föstud.-sunnud.
fram að sýningu.

Símsvari allan sólarhringinn.
Munið pakkaferðirnar.

Sími 462 1400

Dagur

er styrktaraðili Leikfélags Akureyrar



Fagott og píanó á flakk

Pau Rúnar H. Vilbergsson fagottleikari og Guðríður St. Sigurðardóttir píanóleikari eru að fara í tónleikaferð um landið og byrja á laugardag í Stykkishólmskirkju. Tónleikarnir hefjast kl. 16.00, en svo verða næstu tónleikar á sunnudag í Reykholtskirkju í Borgarfirði einnig kl. 16.00. Á efnisskrá eru verk eftir Telemann, Schumann og Pierné. Auk þess flytja þau tvö ný verk, Sumarsólstöður '91 eftir Jónas Tómasson og Fagott-sónötu eftir Rikharð Örn Pálsson og einnig nokkur þekkt íslensk sönglög þar sem fagottið kemur í stað einsöngvara.

Indriðavaka
í Árgarði

Hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps í Skagafirði heldur á laugardagskvöld, kl. 21:00, samkomu í félagsheimilinu Árgarði þar sem heiðraður verður Indriði G. Þorsteinsson, skáld sveitarinnar, en hann er fæddur 18. apríl árið 1926 á Gilhaga í Lýtingsstaðahreppi. Lesið verður upp úr verkum skáldsins og sungin ljóð hans, Hannes Pétursson skáld mun fjalla um verk Indriða en kynnrir og samkomustjóri verður sr. Hjálmar Jónsson, prestur og alþingismaður.

Velkomin í
Villa vestrið



Nýtt ísl. leikrit

eftir
Ingibjörgu Hjartardóttur.
Leikstjóri
Helga E. Jónsdóttir.
Tónl. stj.
Ingólfur Jóhannsson

Föstud. 17. apríl kl. 21.00
Útgáfutónleikar á Pollinum í
tílefní af útkomu geisladisks
Villa vestursins.
Einnig koma fram Helgi og
hljóðfæraleikararnir.

14. sýning
lau. 18. apr. kl. 20.30.
UPPSELT
15. sýning
sunn. 19. apr. kl. 20.30.

Miðapantanir í síma
463 1195 frá kl. 17.00. - 19.00.

VISA - EURO

* * * * *
Gisting og matur fyrir
hópa að Öngulsstöðum í
Eyjafjarðarsveit.
HLAÐAN er opin eftir
sýningar upplýsingar í
síma 463 1380

Freyvangs-
leikhúsið

Lófalestur í
Listaklúbbnum

Á mánudagskvöldið verða frumfluttir tveir einþáttungar í Listaklúbbi Leikhúskjallarans. Þeir heita Heyrt og séð og Lófalestur. Lófalestur er grá-glettinn einþáttungur um tvær systur, Matthildi og Unni, sem ákveða að láta spákonu lesa í lófana á sér. Heyrt og séð er lítill svört kómedía um hjón á sextugsaldrir sem búa í Reykjavík og eru öryrkjar. Höfundar eru þær Jónína Leósdóttir og Ingibjörg Hjartardóttir, en Ásdís Skúladóttir leikstjóri.

Rympa á
Melum



Fjölskylduleikritið

RYMPA Á
RUSLAHAUGNUM

Höfundur: Herdís Egilsdóttir.
Leikstjóri: Sunna Borg.

Sýningar á Melum Hörgárdal

Sýningar

Laugard. 18. apríl
kl. 14.00
Fimmtud. 23. apríl
kl. 14.00

Fáar sýningar eftir

Ath. breyttan sýngartíma

Miðapantanir í síma 462 6564
kl. 18-20 virka daga og
11-13 um helgar og í
síma 461 4040
virka daga til kl. 18.

Leikfélag Hörgdæla



Georg Guðni á Kjarvalsstöðum

Á morgun verður opnuð sýning á verkum Georgs Guðna Haukssonar á Kjarvalsstöðum. Georg Guðni hóf feril sinn sem máleri fyrir um þrettán árum og vakti strax athygli fyrir túlkun sína á íslensku landslagi. Kyrrð, dýpt og birta hafa frá upphafi einkennt verk hans og hefur einlægni hans gagnvart myndefninu þótt eftirtektarverð. Honum hefur tekist að nýta alla bestu eiginleika olíumálverksins og finna sér leið innan ramma þess sem í senn er hefðbundin og frumleg. Síðast sýndi Georg Guðni í Norræna húsinu árið 1995, en verk hans hafa verið sýnd víða um Evrópu og í Suður-Afríku. Sýningin stendur til 17. maí.

Kvikmyndir
helgarinnar

Fjölbreytileikinn ræður ríkjum í kvikmyndum helgarinnar á sjónvarpsstöðvunum. Hjá ríkinu er á föstudagskvöld sjónvarpsmynd um Kavanagh lögmenn og svo er myndin Í leit að réttlæti frá 1993 um mannréttindabaráttu í Bandaríkjunum. Á Stöð 2 er myndin Við rætur eldfjallsins um diplómat í Mexíkó á fjórða áratugnum, sem ku sérlega góð.

Á laugardagskvöld er hjá RÚV grínmynd um lækni sem verður ástfanginn af heila og ævintýramynd um Markó Póló. Stöð 2 flaggar Flóttanum frá Los Angeles og myndinni Fyrstir með fréttirnar. Sýn er hins vegar með myndina Blóðtaka, fyrstu myndina um Rambó.


Dagur

mælir með ...

...því að fara á Sumarið '37 á föstudagskvöldið og byrja á Leynibarnum kl. 19, þar sem Jón Viðar Jónsson leikhúsfraeðingur mun flytja erindi um stöðu Jökuls í íslenski leikritun.

...að grillið sé tekið út í góða veðrinu um helgina og steikin grilluð í fyrsta skipti í ár. Það jafnast ekkert á við það að grilla góða svínasteik og kartöflur.

...gönguferð um Elliðaárdalinn í fallettu veðri, byrja efst hjá hesthúsunum og halda áfram helst niður að sjó. Ef börnin eru með í för mætti taka með nesti og nýja skó og fá sér snæðing í skógarlundi þegar mæðin sækir að.



Árstíðir Gunnlaugs

Á morgun kl. 15.00 opnar Gunnlaugur Stefán Gíslason sýningu á vatns-litamyndum í baksal Galleris Foldar við Rauðarárstíg. Sýninguna nefnir listamaðurinn ÁRSTÍÐIR. Þetta er 12. einkasýning Gunnlaugs og hann hefur tekið þátt í samsýningum bæði héraendis og erlendis. Galleri Fold er opin daglega frá kl. 10.00-18.00, laugardaga frá kl. 10.00-17.00 og sunnudaga frá kl. 14.00-17.00. Sýningunni lýkur 5. maí.